

Siglingaráð

6. fundur

Dags.: 9. maí 2018, kl. 13:00 til 15:10 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björn Freyr Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), J. Snæfríður Einarsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Axel Helgason (Landssamband smábátaeigenda), Kolbeinn Guðmundsson (Landhelgisgæsla Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu) og Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Gestir fundar: Gunnar Geir Gunnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa) og Friðjón Axfjörð Árnason (Samgöngustofa).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (ÁP sendi einnig með fundarboði).
2. Fundargerð 5. fundar Siglingaráðs (ÁP sendi í tölvupósti).
3. Siglingastefna. Drög að efnisyfirliti. (ÁP sendi í tölvupósti).
4. Minnisblað um innleiðingu á viðauka VI við MARPOL samninginn (ÁP dreifði)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

ÁÓ setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Baðst hann afsökunar á „hringlanda“ við síðustu fundarboð.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. MARPOL. ÁP gerði grein fyrir vinnu að innleiðingu VI viðauka MARPOL á Íslandi (sjá minnisblað). Útskýrði hún að vinnan væri flóknari þegar málaflökkurinn heyrir undir mörg ráðuneyti. Ísland á ekki að vera í vandræðum með að uppfylla ákvæði samningsins en af 630 stærri skipum skráðum hér á landi þurfi trúlega ekki nema um 12 skip aðlögunartíma vegna breytinga á búnaði. Fram kom í umræðunni að Íslendingar mættu almennt bæta sig í að innleiða tímanlega tilskipanir og alþjóðareglur og að starfa samkvæmt þeim.
AH benti á að hér á landi væri verið að kaupa notaðar vélar og setja í báta, vélar sem búið væri að banna notkun á í Bandaríkjunum vegna mengunar.
3. Öryggi í höfnum. FAÁ sagði frá úttekt á ástandi öryggismála hafna sem hófst haustið 2014 og náðist að skoða allar hafnir 2016. Í kjölfarið var í samvinnu við marga aðila ráðist í endurskoðun á reglugerð 580/2017 og áhersla lögð á ábyrgð hafnarstjórna að viðhalda góðu öryggi hafnanna með virku innra eftirliti. Farið var í að gera fyrirmynd að eftirlitskerfi fyrir hafnirnar sem þær geta nálgast á „Mín síða“ á vef Samgöngustofu. Næstu skref eru átaksverkefni þar sem hafnir verða heimsóttar og starfsmönnum leiðbeint eftir þörfum. Þegar alvarleg slys hafa orðið í höfnum hefur Samgöngustofa strax brugðist við með því að kynna sér atvikin og komið með tillögur um sértækar aðgerðir.
AH benti á að nýja reglugerðin um öryggi í höfnum hafi ekki farið til umsagnar hjá hagsmunaaðilum. Sagt var að drögin hafi verið á vef ráðuneytisins fyrir gildistöku þeirra.
AH lagði til að komið yrði upp „ábendingabrunni“ fyrir notendur hafna þar sem þeir gætu komið á framfæri ábendingum um það sem betur má fara.
4. Rætt var sérstaklega um neyðarstiga í höfnum sem einatt eru notaðir sem vinnustigar við löndunarkrana smábáta. Neyðarstigar þjóna þeim tilgangi að fólk sem fellur í sjó geti komið sér sjálf aftur upp á bryggju en ekki að verið sé að fara margoft upp og niður þessa stiga. Ljóst er að löndunaraðstaða smábáta er víða slæm og jafnvel hættuleg. Þjónustustigar ekki alltaf rétt

staðsettir né af réttir gerð en gerð og staðsetning stiga, löndunarkrana og stjórnbúnaður krana þarf að miðast við þarfir smábátasjómannanna og öruggi við notkun á búnaðinum. Athuga ber að vinnueftirlitið hefur eftirlit með þjónustustigum en hafnirnar sjálfar/Samgöngustofa með neyðarstigum.

Ákveðið að FAÁ, AH ásamt Sigrúnu og Gísla hjá Hafnasambandinu fjalli um þessi mál og upplýsi Siglingaráð um niðurstöðuna.

5. Samgönguáætlun. HSS sagði frá vinnu að ritun samgönguáætlunar og vildi fá álit Siglingaráðs á orðalagi í markmiði að fækkun banaslysa. Voru flestir sammála að óviðeigandi væri að hafa í textanum að stefnt væri að einu banaslysi á ári að meðaltali. Heldur eigi að stefna að engu banaslysi árlega. Eitt helsta verkefni áætlunarinnar er að öryggisstjórnunarkerfi verði tekin upp í öllum skipum. IV sagði að það markmið náist aldrei nema lagakrafa verði sett um að skip taki upp öryggisstjórnunarkerfi. BFB sagði að drög að lögum væru tilbúin en ráðherra ákvað að leggja þau ekki fram á síðasta þingi, mögulegt væri að reyna þetta aftur ef áhugi er fyrir því. Ákveðið að ÁP sendi drögin að samgönguáætlun á fulltrúa í Siglingaráði og verður opið fyrir athugasemdir til kl. 13:00 22. maí 2018. Áætlunin verður kynnt á samgönguþingi þann 21. júní n.k.
6. Samstarf við tryggingafélög. ÁP var búin að ræða við tryggingafélögin en þau eiga erfitt um vik með að vera í samstarfi sín á milli og þurfa sérstaka heimild til þess frá Samtökum fjármálafyrirtækja. BFB og ÁP munu senda erindi frá ráðuneytinu og óska eftir samstarfi við stjórnvöld í áróðri í öryggismálum sjófarenda. GGG ætlar einnig að ræða við tryggingafélögin um samstarfsgrunn og fá þeirra hugmyndir um áhersluatriði. Rætt var lauslega um næstu auglýsingar og komu fram tillögur um að halda áfram með ofhleðslu/stöðugleika, hafa hlustvörslu á rás 16 áfram en bæta við fleiri upplýsingum varðandi fjarskipti og tilkynningar úr höfn (hafa samstarf við LHG um það). Einnig kom til tals auglýsing um tilkynningarskyldu um slys og atvik til RNSA og auglýsing um kröfur um hættumat í skipum en sú reglugerðarkrafa á 20 ára afmæli í desember 2018. Minnst var á að nota fjölpósta til auglýsinga og heimasíður hagsmunaaðila. FAÁ yfirgaf fundinn 14:30.
7. Birtingaáætlun auglýsinga 2018. GGG sagði að Samgöngustofa sé búin að gera birtingaáætlun varðandi auglýsingar á þessu ári og ætla að dreifa þeim meira yfir árið en ekki setja allan þungann á Sjómannadagshelgina. Kostnaður við auglýsingar er áætlaður um 4 mkr og áhersla sem fyrr á ofhleðslu og hlustun þ.m.t. hvernig nota megir „Dual Mode“. ÁÓ sagði að hann líti svo á að þessi birtingaáætlun hafi ekki verið gerð með samráði og samþykki Siglingaráðs eins og vera bæri og því verði málið ekki rætt frekar á fundinum. HSS sagðist ætla að ræða við ráðuneytisstjóra og fá það á hreint hvernig standa eigi að samstarfi og samskiptum milli Samgöngustofu og Siglingaráðs, en mikilvægt er að stofnunin sé með í þessum umræðuhópi með hagsmunaaðilum.
8. Fjarskipti. KG upplýsti að skylt sé að skip tilkynni sig úr höfn. Sjómenn geti hringt í Vaktstöð siglinga og tilkynnt sig út en æskilegt er að tilkynna sig á rás 9. Einnig er í smíðum App fyrir tilkynningar sem virkjað verður innan tíðar. Ástæða þess að sumstaðar er verið að spjalla á rás 16 er að það vantar fleiri talstöðvarásir. Á nokkrum stöðum við landið eru því svæði þar sem DSC virkar ekki. Þá vantar miðunarstöðvar til að geta miðað út bilaðar talstöðvar eða finna aðila sem eru að misnota neyðarrásina. AH sagði að tegundir talstöðva væru margar og því kannski ekki hægt að kenna mönnum á þær þ.m.t. að virkja dualwatch/Dual mode td með vísun í leiðbeiningar um hvernig eigi að virkja tvöfalda hlustun og hafa hlekk á heimasíðu LS þar sem væru upplýsingar um talstöðvarstillingar sem hann ætlar að setja samana.
9. Umsóknir um styrki. ÁP sagði að ennþá hafi eingöngu borist ein umsókn. Hvatti hún til að aðilar að Siglingaráði kynni þessa styrki sem víðast en frestur til að senda inn umsókn rennur út 15. maí.
10. Kynning á reglugerðum. BFB sendi í tölvupósti drög að reglugerð um leyfi til reksturs báta í farþegaflutningum. IV var með athugasemd/fyrirspurn og ræðir við BFB síðar um það því fundartíminn er nánast runnin út.
11. Önnur mál:
 - a. HSS spurði hvort aðilar að Siglingaráði hefði áhuga á að fá áfram sent efni frá IMO/EMSA þegar það bærst Samgöngustofu. Þáðu það allir viðstaddir.

- b. Á næsta fundi verður farið yfir öryggisáætlun sem ÁP ætlar að senda á hópinn. Fulltrúar sendi sem fyrst tillögur til ÁP því skila þarf áætluninni um mánaðarmótin ágúst-september.
- c. ÁP ætlar að senda á hópinn tillögur um fjárframlög til hafna og biður fulltrúa að rýna töflurnar. Ítrekaði hún að þetta væru trúnaðarupplýsingar.

12. Næsti fundur verður fimmtudaginn 7. júní 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti. IV ritaði fundargerð.